

Nr. 19-160 S 098 Sólrún EA 151**Vélavana og leki í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 2706
Útgerð: Sólrún ehf.
Smíðaður: Seigla, 2007, trefjaplast.
Stærð: 10,55 brl. 14,82 bt.
Mesta lengd: 13,17 m Skráð lengd: 10,32 m
Breidd: 4,49 m Dýpt: 1,40 m
Vél: Cummins, 373 kw, 2007.
Fjöldi skipverja: 1



Sólrún©Haþþór Hreiðarsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 31. október 2019 var Sólrún EA 151 á línuveiðum á Eyjafirði. Veður: SSV 3-4 m/sek.

Á veiðunum fékk báturinn í skrúfuna og leki kom að vélarúminu en lensibúnaður hafði undan honum. Óskað var eftir aðstoð og það var Sæþór EA 101 sem dró Sólrúnu til hafnar á Siglufirði.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar búið var að leggja línuna kom högg á bátinn og skrúfan hætti að virka;
- að sögn skipstjóra fékk báturinn rekald í skrúfuna sem beygði öll skrúfublöðin.
- að skrúfuöxullinn fór í sundur við gír og rann aftur en við það brást öxulþéttingin og leki kom að vélarúminu;
- að skipverjar sáu aldrei rekaldið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.